

Hverfisráð Grafarvogs

Árið 2015, þriðjudaginn 24. mars var haldinn 115. fundur hverfisráðs Grafarvogs. Fundurinn var haldinn í Miðgarði í Grafarvogi og hófst kl. 17:00. Viðstaddir voru Bergvin Oddsson, formaður, Guðbrandur Guðmundsson, Elísabet Gísladóttir og Sævar Björnsson varamaður fyrir Gísli Rafn Guðmundsson. Auk þeirra sátu fundinn Trausti Harðarson áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina, Jóhannes Óli Garðarson, áheyrnarfulltrúi Korpúlfa, samtaka eldri borgara í Grafarvogi, Ingibjörg Sigurþórsdóttir, framkvæmdastjóri í Miðgarði, og Margrét Richter rekstrarstjóri í Miðgarði, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Niðurstöður betri hverfa fyrir Grafarvogs var kynnt. Eftirfarandi bókun var gerð:

Hverfisráð Grafarvogs þakkar öllum þeim sem tóku þátt í íbúakosningunni Betra hverfi. Hverfisráðið lýsir þungum áhyggjum yfir dræmri kosningaþátttöku en undir 1000 atkvæðisbæra manna tóku þátt í kosningunni. Hverfisráð ætlar að hvetja íbúa Grafarvogs til að taka þátt í kosningunni Betri hverfi á næsta ári og hvetur borgaryfirvöld til þess að stuðla að aukinni kjörsókn. Að sama skapi hvetur hverfisráð borgaryfirvöld til þess að skýra verkefnið Betra hverfi öðru nafni svo megi koma í veg fyrir misskilning á milli verkefnanna Betri hverfi og Betri Reykjavík.

2. Rætt var um væntanlegt skipulag opins íbúafundar hverfisráðs Grafarvogs. Eftirfarandi tillaga var lögð fyrir:

Hverfisráð Grafarvogs hyggst halda tvo íbúafundi haustið 2015. Sá fyrri skal vera í vikunni í kringum 15. september. Á þeim fundi skal taka fyrir umferðaröryggi og gatnaframkvæmdir í Grafarvogi. Þar skal boða borgarstjóra og/eða formann umferðis og skipulagsráðs. Seinni fundinn skal halda seinna um haustið og þar skal fjalla um íþróttastarf í hverfinu. Á þennan fund skal boða borgarstjóra og/eða formann íþrótt- og tómstundarráðs.

Tillagan var samþykkt.

3. Tekið var fyrir styrkumsóknir til hverfisráðs Grafarvogs. Eftirfarandi styrkir voru lagðir fyrir og afgreiddir:

- Ákveðið var að taka frá 50.000kr vegna væntanlegs auglýsingarkostnað fyrir fundarhöld í haust fyrir opna íbúafundina.
- Ákveðið var að taka frá 50.000kr vegna væntanlegs Máttarstólpa.
- Ákveðið var að taka frá 150.000kr vegna væntanlegs Grafarvogsdags.
- Grafarvogsbuar.is, SAMGRAF (foreldrafélagin í Grafarvogi) ásamt ÁS sjúkrahjálfun sendu styrkumsókn fyrir kynningu og fræðslustarfs, alls 650.000kr. Umsókn hafnað.
- SAMFOK sótti um styrk til að halda námskeið um skólaráð, alls 50.000kr. Umsókn hafnað.
- Menningarnefnd Korpúlfa sóttu um styrk til námskeiðahalda, alls 50.000kr. Umsókn var samþykkt.
- Barna og unglíngaráð knattspyrnudeildar Fjölnis sótti um styrk fyrir litaða fótbolta fyrir stúlkur, alls 120.000kr.. Samþykkt var að greiða 60.000kr.
- Barna og unglíngaráð knattspyrnudeildar Fjölnis sótti um styrk fyrir átaki til að kynna knattspyrnuíðkun fyrir stúlkur, alls 65.000kr. Umsókn var samþykkt.

Ákveðið var að formlegar afhending styrkja verður á Grafarvogsdaginn.

4. Eftirfarandi tillaga frá áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallavina var lögð fyrir:

Fyrir sumarið verði framkvæmdarstjóri umhverfis og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar fenginn á fund hverfisráðsins til að kynna hvaða gatnaviðgerðir verður farið í, í Grafarvogi næstkomandi sumar.

Tillaga var samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:20

Guðbrandur Guðmundsson
Gísli Rafn Guðmundsson

Bergvin Oddsson

Elísabet Gísladóttir
Herdís Anna Þorvaldsdóttir